



Nordplus Horizontal þvert á skólastig



Vilt þú vinna að þverfaglegum verkefnum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum?

Nordplus Horizontal býður styrki til samstarfs milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem er þvert á hefðbundin skóla- og menntastig.

Verkefni sem ganga þvert á skólastig

Nordplus Horizontal býður styrki til nýsköpunarverkefna og tengslaneta sem ganga þvert á hefðbundin skólastig á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

Nordplus Horizontal veitir styrki vegna fjölbreyttra þema og sviða.

Dæmi um þema sem hægt er að styrkja eru verkefni sem tengja saman menntun og atvinnulíf, frumkvöðlastarfsemi, samþættingu, lýðræði og virka samfélagsþátttöku þar með talið þátttöku jaðarhópa, stafræna-/upplýsingatækni, eftir og -framhaldsmenntun fyrir kennara á öllum námsstigum, þróun nýrra kennsluaðferða, þróun umhverfis og sjálfbærni, heilsa, íþróttir, listir og menning.

Meginmarkmiðið er að verkefnin gangi þvert á skólastig og stuðli að framþróun menntunar.

Formlegar kröfur:

Styrkir: Raunkostnaður með 50% eigin framlagi. Ekki er veittur styrkur vegna launa þátttakenda í verkefninu, en vinnuframlag má telja fram sem eigið framlag.

Verkefnistími: 1 – 3 ár.

Samstarfsaðilar: minnst þrjár stofnanir frá þremur löndum á Norðurlöndum/í Eystrasaltsríkjum. Tvö skólastig hið minnsta skulu starfa saman.

Umsóknarfrestur: 1. febrúar.

Nordplus Horizontal þvert á skólastig

Nordplus Horizontal veitir árlega um 1 milljón evra í styrki til nýsköpunarverkefna og tengslaneta sem ganga þvert á hefðbundin skólastig á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

Allar stofnanir og samtök sem vinna að menntun og fræðslu geta sótt um styrki. Það þýðir að þátttaka í áætluninni er opin fyrirtækjum, opinberum og einkareknum stofnunum, aðilum sem taka þátt í atvinnulífinu og öðrum auk menntastofnunum á öllum námsstigum.

Nordplus Horizontal er sveigjanleg áætlun sem þýðir að hægt er að sækja um styrki til ólíkra verkefna sem tengjast menntun allt frá ráðstefnum til stórra þróunarverkefna.


Target groups

Nordplus Horizontal er fyrir stofnanir og samtök í þáttökulöndunum átta og sjálfstjórnarríkjum þremur, sem vinna að menntun og fullorðinsfræðslu.

Umsókn um styrk til verkefna og tengslaneta verður að innihalda minnst tvö skólastig. Það geta verið skólastig í sjálfu menntakerfinu til dæmis samstarf milli æðri menntunar og grunnskóla (einnig leikskóla), eða samstarf milli samtaka, stofnana og fyrirtækja þvert á samstarf opinberra stofnana, einkafyrirtækja- og/eða frjálsra samtaka, svo fremi sótt er um styrki til menntasamstarfs.

Frekari upplýsingar: www.nordplusonline.org – Hvernig sótt er um.

Lönd sem eiga aðild að Nordplus



- | | | |
|------------|---------------|------------|
| ● Grænland | ● Noregur | ● Finnland |
| ● Ísland | ● Svíþjóð | ● Litháen |
| ● Færøyjar | ● Danmörk | ● Lettland |
| | ○ Álandseyjar | ● Eistland |

Um Nordplus

Nordplus áætlunin er stærsta menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin hefur árlega 9,3 milljónir evra til umráða til að styrkja mannaskipti, verkefni og tengslanet á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Nordplus áætlunin skiptist í fimm undiráætlanir sem í sameiningu taka á allri menntun frá leikskóla og grunnskóla til æðri menntunnar og fullorðinsfræðslu.

Frekari upplýsingar um Nordplus þar sem einnig má nálgast umsóknareyðublöð eru á vefsíðunni nordplusonline.org. Ef þörf er fyrir frekari leiðbeiningar eða upplýsingar er velkomíð að hringja í okkur eða senda okkur tölvupóst.